

**Ed.**

**1044. Frumvarp til laga**

[320. mál]

um fasteigna- og skipasölu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 21. apríl.)

Samhljóða þskj. 591 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Löggilding til fasteignasölu er bundin við nafn. Pó er eftirlifandi maka heimilt að halda áfram fasteigna- og skipasölu látins maka síns þótt hann fullnægi ekki skilyrðum laga þessara en ráða skal hann þá forstöðumann sem löggiltur er til starfans.

Fasteignasala er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneyti hvar starfsstöð hans er en hann getur aðeins haft eina starfsstöð á sama stað og fasteignasalan er rekin.

14. gr. hljóðar svo:

Fasteignasala er óheimilt að taka hærri þóknun fyrir starfa sinn en sanngjarnt má teljast með tilliti til þeirrar vinnu sem í té er látin.

Fyrir aðstoð við kaup eða sölu má þóknun frá kaupanda eða seljanda ekki fara fram úr 2% af kaupverði eignar en rétt er fasteignasala að áskilja sér aukalega greiðslu fyrir útlagðan auglýsingakostnað enda hafi eign verið auglýst eftir beiðni eiganda. Póknun skal yfirleitt vera lægri ef makaskiptum er til að dreifa.